

Helstu atriði um nýjan kjarasamning

Starfsgreinasambands Ísland og Samtaka atvinnulífsins

- Meginmarkmið samningsins er lækkun verðbólgu og vaxta með samstilltu átaki verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda, ríkis, sveitarfélaga og annarra.
- Kjarasamningurinn gildir í fjögur ár, þ.e. frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028.
- Launahækkningar koma til áhrifa á fjórum dagsetningum með árs millibili á samningstíma.
 - 1. febrúar 2024: 3,25% eða að lágmarki 23.750 kr.
 - 1. janúar 2025: 3,5% eða að lágmarki 23.750 kr.
 - 1. janúar 2026: 3,5% eða að lágmarki 23.750 kr.
 - 1. janúar 2027: 3,5% eða að lágmarki 23.750 kr.
- Orlofsuppbót hækkar um 2.000 kr. ári og verður 64.000 kr. í lok samningstímans.
- Desemberuppbót hækkar um 4.000 kr. á ári og verður 118.000 kr. í lok samningstímans.
- Laun í ræstingum taka sérstökum hækkunum um tvo launaflokka auk mánaðarlegrar greiðslu sérstaks ræstingarauka.
- Orlofsréttindi félagsfólks aukast um einn til þrjú orlofsdaga eftir starfsaldri.



- Hóflegar launahækkunar skapa svigrúm til örra verðlækkana hjá fyrirtækjum og þjónustuaðilum og lækkun vaxta samhliða lækkun verðlags. Náist ekki markmið um lækkun verðlags virkjast forsenduákvæði samnings í september 2025 og september 2026.
- Samningurinn felur einnig í sér vörn gegn launaskriði í formi kauptaxtauka sem kemur til greiðslu 1. apríl 2025, 2026 og 2027, komi í ljós að launavísitala hafi hækkað umfram hækkun lægstu kauptaxta.
- Framleiðniauki tryggir launafólki hlutdeild í framleiðniaukningu. Komi í ljós að framleiðnivöxtur verði umfram 2% á ári á samningstímanum getur komið til greiðslu framleiðniauka 1. apríl 2026 og 2027.
- Kjarasamningurinn felur auk þess í sér verulegar kjarabætur frá hinu opinbera fyrir barnafólk, leigjendur og skuldsetta. Þessar kjarabætur koma í formi aukinna skattfrjálsra bóta úr millifærslukerfum hins opinbera, niðurfellingar á gjaldi fyrir skólamáltíðir barna og takmörkunar á gjaldskrárhækkunum ríkis og sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um kjarasamninginn má finna á sérstakri **upplýsingasiðu á SGS.IS.**

Sameiginleg rafræn atkvæðagreiðsla félagsmanna aðildarfélaga SGS sem starfa samkvæmt kjarasamningnum fer fram dagana 13. - 20. mars.

Mundu eftir að kjósa!

